



ÁSTJARNARKIRKJA

Allt megnu ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir. Fil. 4:13

SAFNAÐARBLAÐ ÁSTJARNARSÓKNAR 2.TBL. 13 ÁRG. 2016



BYGGING ÁSTJARNARKIRKJU

Í safnaðarblaðinu sem dreift var fyrir réttu ári síðan var sagt frá því að jarðvegsframkvæmdir væru hafnar á lóð Ástjarnarkirkju. Nú ári síðar er húsið að verða fokhelt og unnið er að einangrun og klæðningu hússins.

Það er ánægjulegt að sjá húsið rísa. Einnig er mikil eftirvænting eftir að geta hafið starf þar við nýjar og betri aðstæður. Of snemmt að segja til um hvenær byggingarfræmkvæmdum lýkur en vonandi verður hægt að halda

einstaka viðburði í húsinu á næstu mánuðum. Ljóst er að með tilkomu hússins verður hægt að bjóða upp á meira starf og betri þjónustu en nú er.

Það er ósk starfsfólks og sóknarnefndar að hið nýja hús muni nýtast samfélaginu á Völlunum og í Áslandinu fyrir ýmsa menningarviðburði í framtíðinni enda er það hannað sem fjölnotahús með áherslu á góða hljóðvist.



FERMINGARVIKA Í ÁGÚST

Eins og undanfarin ár hófst vetrarstarf Ástjarnarkirkju á fermingarviku. Fermingarbörnin sóttu námskeið sem haldið var í Víðistaðakirkju vegna plássleysis í Ástjarnarkirkju 15. – 17. ágúst. Margir fræðarar komu að námskeiðinu. Auk starfsfólks kirkjunnar komu gestirnir Íris Guðmundsdóttir gospelsöngkona sem annaðist tónlistarkennslu og Kristján Þór Sverrisson sem sagði frá kjörum fólks í Afríku. Vikunni lauk með ferð í fermingrabúðir í Vatnaskógi. Góður rómur var gerður að þessari fræðsluviku.

NÝTT STARFSFÓLK

Nýtt starfsfólk hefur komið til starfa í Ástjarnarkirkju á þessu hausti, Arnór Bjarki Blomsterberg nýútskrifaður guðfræðingur sem mun m.a. hafa yfirumsjón með æskulýðsstarfi kirkjunnar og foreldramorgnum, og Valdís Ólöf Jónsdóttir leikskóla- og grunnskólakennari sem hefur áratuga reynslu af æskulýðsstarfi. Þau eru boðin hjartanlega velkomin í starfsmannahópinn og við biðjum þeim blessunar Guðs.



Arnór Bjarki Blomsterberg



Valdís Ólöf Jónsdóttir

STARFSFÓLK

Dr. Kjartan Jónsson, sóknarprestur
kjartan.jonsson@kirkjan.is
S.: 565 5622, 863 2220

Viðtalstímar sóknarprests:

Þriðjudagar kl. 10-12
Miðvikudagar kl. 10-11:30
Fimmtudagar kl. 10-12
eða eftir samkomulagi

Matthías V. Baldursson
tónlistarstjóri
matti@astjarnarkirkja.is
S.: 698 8966

Arnór Bjarki Blomsterberg
æskulýðsfulltrúi
abb16@hi.is
S.: 692 8623

Valdís Ólöf Jónsdóttir
starfsmaður í æskulýðsstarfi
valjon@laekjarskoli.is
S.: 663 0388

Sigurður Þórisson
kirkjuvörður
sigurdur@astjarnarkirkja.is
S.: 858 7228

Hólmfríður Sigríður Jónsdóttir
Sunnudagaskóli
holmfridursj@yahoo.com
S.: 858 7223.

SÓKNARNEFND

Geir Jónsson, formaður
geirj@ms.is

Hermann Björn Erlingsson, ritari
og fulltrúi í stjórn Kirkjugarða
Hafnarfjarðar
hermannbjorn@gmail.com

Jóhann Jóhannsson, gjaldkeri
aldajoi@simnet.is

Heiða Björk Ingvarsdóttir,
safnaðarfulltrúi
heida@astjarnarkirkja.is

Helga Aðalbjörg Þórðardóttir,
meðstjórnandi
helgalilo@simnet.is

RITSTJÓRI SAFNAÐARBLAÐS:

Kjartan Jónsson

Ábyrgð safnaðarblaðs:

Sóknarnefnd Ástjarnarsóknar

Umbrot og prentun: Prentun.is

Kæri lesandi.

Það ríkir mikil eftirvænting í hópi starfsfólks Ástjarnarkirkju nú þegar vetrarstarfið er hafið. Ég býð nýtt starfsfólk velkomid til starfa og við fylgjumst spennu framvindu byggingarframkvæmda á kirkjulóðinni. Allir eru áhugasamir um að starf kirkjunnar verði enn öflugra í vetur en verið hefur. Við bjóðum upp á heilbriggt félagsstarf fyrir börn og fullorðna sem hefur þá sérstöðu að kristin trú er eðlilegur hluti af starfinu. Það er mikilvægt að efla trúna á meðal okkar á tímum þegar ýmsir eru þjakaðir af tómhyggju og tilgangssleysi. Trúin er tilboð um að opna líf okkar fyrir nærveru Guðs og kærleika hans sem vill styðja okkur í meðbyr og mótbýr og hjálpa okkur að blómstra í lífinu.



Nýjung í starfi kirkjunnar verður tilboð um starf fyrir börn á frídögum skólanna daglangt.

Kirkjan er fólk. Því er það ósk mín að enn fleiri sóknarbörn fái löngun til að leggja hönd á plóginn í stafi kirkjunnar sem sjálfboðaliðar en þeir eru hjartanlega velkomnir til meiri eða minni þjónustu.

Kjartan Jónsson
sóknarprestur



ÆSKULÝÐSSTARF ÁSTJARNARKIRKJU

Í vetur mun hefðbundið barna- og æskulýðsstarf Ástjarnarkirkju fara fram á mánudögum. Eins og venjulega verður börnunum skipt í tvo aldurshópa, sex til níu ára annars vegar og tíu til tólf ára hins vegar.

• **6-9 ára: mánudagar klukkan 13:45 – 14:45**

• **10-12 ára: mánudagar klukkan 15:00 – 16:30**

Barnastarfið í ár mun fylgja dagatali skólanna í sókninni að því leyti að í vetur mun Ástjarnarkirkja bjóða upp á þá nýjung að á frídögum skólanna (foreldraviðtalsdagögum, skipulagsdögum, vetrarfríum) mun kirkjan bjóða upp á barnastarf allan daginn. Teljum við þetta ágæta viðbót við þau úrræði sem eru þegar í boði. Eins ætti þetta að veita foreldrum aukinn sveigjanleika til að sækja vinnu og þurfa ekki að taka auka frídaga. Þetta fyrirkomulag og skráning á þessa daga verður auglýst sérstaklega síðar.

Barna- og æskulýðsstarfið er til boða fyrir alla, óháð trúfélagsaðild. Þó ber að undirstrika að efnið sem er unnið með er byggt á kristnum grunni. Þar eru helstu útgangspunktur: Kærleikur, mannvirðing og systkinabel.

KÓR ÁSTJARNARKIRKJU



Kór Ástjarnarkirkju æfir á þriðjudögum kl.19:00 – 21:00.

Vetrarstarf kórsins verður fjölbreytt og metnaðarfullt. Hann mun syngja við hinar ýmsu athafnir Ástjarnarkirkju allar tegundir kirkjutónlistar, bæði hefðbundna sálma en einnig í gospel-, blús- og rokkmessum, aðventutónleikum og margt fleira. Því miður eru ekki mörg laus pláss í kórnum en áhugasamir söngvarar eru velkomnir að hafa samband við kórstjórstjórnann sem mun meta stöðuna. Stjórnandi kórsins er tónlistarstjóri kirkjunnar Matthías V. Baldursson. Netfang: matti@astjarnarkirkja.is



Barnakórinn

Barnakór Ástjarnarkirkju æfir á mánudögum kl.15:00 – 15:45.

Barnakór Ástjarnarkirkju er skipaður börnum á aldrinum 7 – 12 ára

Á kóræfingum fá börnin innsýn í raddbeitingu með sérstökum raddæfingum, þau læra fjölda allan af lögum, en mikil áhersla verður lögð á að kenna þeim sálma og útskýra inntak þeirra vel. Það er mikið líf og fjör í þessum kór og eru allir hressir krakkar velkomnir að vera með. Hægt er að skrá börnin á heimasíðu kirkjunnar eða hafa samband beint við kórstjórnann. Stjórnandi kórsins er tónlistarstjóri kirkjunnar Matthías V. Baldursson. Netfang: matti@astjarnarkirkja.is

ÖÐRUVÍSI GUÐSPJÓNUSTUR FYRSTA SUNNUDAGSKVÖLD Í MÁNUÐI Í HAUKAHEIMILINU.

Ástjarnarkirkja hefur haldið öðruvísi guðspjónustur fyrsta sunnudag í hverjum mánuði síðustu tvö ár og verður því haldið áfram. Sunnudaginn 2. október verður haldin sérstök Áslaugarmessa þar sem glænytt „rokkað“ messutón (Áslaugartón) verður frumflutt ásamt tónlist eftir hana sem samin hefur verið fyrir hvern lið messunnar, Kyrie, Gloria, Halleluja, Amen. Áslaug Helga er ein fremsta gospelsöngkona Íslands og hefur hún starfað töluvert í Ástjarnarkirkju síðustu ár. 2. nóvember verður Elvismessa þar sem sérstakur gestur verður Bjarni Arason og jólastjarna Björgvins 2015 Hálfán Helgi Matthíasson.



MESSUR HAUSTIÐ 2016

- 11 sept.** Messa og sunnudagaskóli kl. 11
- 18 sept.** Sundlaugarmessa kl. 11 í Ásvallalaug
Lofgjörðarkvöld kl. 20:00
- 25. sept.** Messa og sunnudagaskóli kl. 11:00
- 2. okt.** Sunnudagaskóli kl. 11:00. Kaffihús
Áslaugarmessa kl. 20 í Haukaheimilinu.
Gestur: Áslaug Helga Hálfánardóttir
- 9. okt.** Messa og sunnudagaskóli kl. 11:00
- 16. okt.** Sunnudagaskóli kl. 11:00
Lofgjörðarkvöld kl. 20:00
- 23. okt.** Messa og sunnudagaskóli kl. 11:00
- 30. okt.** Fjölskylduguðspjónusta kl. 11:00
- 6. nóv.** Sunnudagaskóli kl. 11:00
Elvisguðspjónusta í Haukaheimilinu kl. 20:00. Gestur: Bjarni Arason
- 13. nóv.** Afríkumessa og sunnudagaskóli kl. 11:00. Kristniboðsdagurinn
- 20. nóv.** Sunnudagaskóli kl. 11:00
Lofgjörðarkvöld kl. 20:00
- 27. nóv.** Fjölskylduguðspjónusta kl. 11:00



SUNNUDAGASKÓLI ÁSTJARNARKIRKJU

Sunnudagaskóli verður kl. 11:00 alla sunnudaga í vetur. Fyrsta og þriðja sunnudag hvers mánaðar hefur sunnudagaskólinn allt húsið, bæði kirkju- og safnaðarrými, til umráða. Annars hefst sunnudagaskólinn í guðsþjónustu inni í kirkjurýminu. Þar sem gestir og leiðtogar sunnudagaskólans taka þátt í upphafi guðsþjónustu dagsins, syngja nokkur sunnudagaskólalög með kirkjugestum og flytja sig síðan yfir í safnaðarrýmið.

Það eru spennandi tímar framundan og okkar bíður mikið af nýju og skemmtilegu sunnudagaskólaefni til að skoða. Þar má nefna nýja þætti með vini okkar Nebbanú og endurbætt efni um okkar gömlu vinkonu, Tófu.

Auk þess verður starf sunnudagaskólans reglulega kryddað með sérstakri dagskrá svo sem sundlaugarferð, haustkaffihúsi, föndri, grænum degi, jólaeikriti og jólaballi.

Starfsmenn sunnudagaskólans í vetur verða Fríða, Arnór Bjarki og Valdis Ólöf. Við hlökkum til að sjá ykkur.

STARF ELDRIBORGARA, STJÖRNURNAR

Eldri borgarar hittast á hverjum miðvikudegi kl. 13:30-15:30

Samverurnar hefjast með kaffi og spjalli. Síðan sér gestur eða einhver í hópnum um fyrirlestur, tónlist eða annað sem honum liggur á hjarta. Góður tími er tekinn til umræðna. Endað er með stuttri helgistund í kirkjunni. Mikil áhersla er lögð á að skapa gott samfélag þar sem öllum þykir gott að koma. Stundum gerir hópurnar eitthvað saman eða fer í stutt ferðalög.

Fyrsti fundurinn á þessu hausti verður miðvikudaginn 14. september. Þá hittist hópurnar og undirbýr dagskrá komandi haustmíssis.

21. september verður kynningarfundur þar sem nýtt fólk er sérstaklega boðið velkomið. Þá mun Helgi Pétursson tónlistar- og fjölmiðlamaður segja frá Gráa hernum sem vakið hefur mikla athygli að undanfögnu.

FORELDRAMORGNAR - VETURINN 2016-2017

Í vetur munu foreldramorgnar kirkjunnar verða alla fimmtudagsmorgna kl. 10:00 – 12:00. Á foreldramorgnum gefst fólki tækifæri til að kynna öðrum foreldrum í hvefinu og spjalla saman í hlýju og notalegu andrúmslofti. Dagskrá morgnanna verður að mestu mótuð út frá áhugasviði foreldranna og er miðast við að reyna eftir fremsta megni að bjóða upp á fræðslu sem snertir daglegt líf barna, foreldra og í raun alla mannlega tilvist.

Í foreldramorgnum gefst fólki frábært tækifæri til að lita lífið fjölbreyttum litum og jafnvel að rjúfa félagslega einangrun og mynda varanleg vinatengsl við annað fólk. Eins eru þetta góðar stundir fyrir börnin því það er bæði þroskandi fyrir þau og örvandi að hitta önnur börn.

Sú fræðsla sem miðað er við að bjóða upp á í vetur lýtur að næringu barna, svefnvandamálum þeirra og skyndihjálpi. Að öðru leyti mótar umsjónarmaður foreldramorgna dagskrána í samráði og samvinnu við foreldrana.

Kaffi, brauð og ávextir verða í boði.

HJÓNA- OG PARANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst fimmtudaginn 29. september kl. 19:00 og stendur í sjö vikur.

Námskeiðið er fyrir hjón/pör sem vilja styrkja samband sitt, gera gott samband betra. Á námskeiðinu hlusta þátttakendur á fyrirlestra og síðan vinna þörin saman að verkefnum hvert fyrir sig. Þau vinna aldrei með öðrum og eru aldrei beðin um að segja frá sínu sambandi.

Reynslan af námskeiðinu er mjög góð og þátttakendur eru flestir sammála um að það hafi verið mjög gott fyrir hjónabandið/sambandið. Góður matur verður í upphafi hvers kvölds.

Kostnaður: 1.000 kr. á mann fyrir matinn hvert kvöld og 1.500 kr. á mann fyrir þátttakendahefti

Hægt er að ská þátttöku með því að senda póst á kjartan.jonsson@kirkjan.is.

LOFGJÖRÐARKVÖLD Í STAÐ MESSU ÞRIÐJA HVERN SUNNUDAG

Sú nýbreytni verður í vetur að lofgjörðarkvöld verða þriðja hvert sunnudagskvöld í mánuði í stað kvöldmessu. Áhersla verður lögð á söng og gestir segja frá trú sinni.